

Nr. 022 / 12 Þorsteinn PH 360**Skipverji slasast á bryggju**

Skipaskr.nr. 1903
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Stærð: 1086,1 brl. 1834,9 bt.
Mesta lengd: 70,1 m Skráð lengd: 64,9 m
Breidd: 12,5 m Dýpt: 7,74 m
Vél: Bergen Diesel 1988, 2208 kW
Fjöldi skipverja: 12



Þorsteinn © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. janúar 2012 var Þorsteinn PH 360 við löndun á Þórshöfn. Veður: SV 15 m/s.

Skipverji var upp á bryggju að skipta landfestum milli polla þar sem færa átti skipið aðeins aftar. Löndunarbarki, sem hékk í krana skipsins, festist í polla þegar verið var að hífa hann upp en losnaði þegar skipverjinn gekk þar hjá með þeim afleiðingum að barkinn slóst í skipverjann sem skall í bryggjuna.

Skipverjinn rotaðist í fallinu þrátt fyrir að vera með öryggishjálmm og hann ökkla- og viðbeinsbrotnaði og hryggjaliðir brákuðust.

Við rannsókn kom fram:

- að löndun hafði staðið yfir úr framlestum og búið að hífa löndunarbarka verksmiðjunnar upp með fremri krana skipsins, slaka í sjóinn á milli skips og bryggju til að hreinsa lögnina. Kranamaður stóð á bryggjunni og var að hífa barkann upp úr sjónum en þegar lögnin greip loft kom slinkur á hana svo hún skaust úr klemmunni undan pollanálinni og af miklu afli í skipverjann;
- að skipstjóri bað slasaða, sem var við landfestar og tilsögn við skut skipsins, að fara fram eftir og greiða fyrir færslunni en tafir höfðu orðið á færslunni. Hann var kominn fram fyrir miðja síðu og stóð inn í hring sem barkinn myndaði á bryggjunni;
- að sögn skipstjóra var engin hreyfing komin á skipið því beðið var eftir því barkinn væri hífður í land en hann hékk í kranabómu skipsins. Hann var

hissa á því að ekki hafi verið slökkt á dælunni áður en barkinn var hífður í land því vitað væri að barkarnir kippast til þegar sögið grípur skyndilega loft. Hann benti á að slys af sama toga hefði orðið fyrr um daginn þegar löndunarmaður varð fyrir barka;

- að sögn skipverja sem var á framskipi og fylgdist með atburðum var komin hreyfing á skipið. Hann og spilmaður horfðu upp í kranabómuna til að sjá hversu langt mætti hífa en veittu ekki athygli klemmunni sem barkinn var kominn í við bryggjupollann;
- að starfsmaður í landi gerði sér grein fyrir hættunni þegar hann sá skipverjann koma gangandi eftir bryggjunni. Hann sagðist hafa reynt að aðvara skipverjann án árangurs. Fram kom hjá skipverjanum að hann hefði ekki getað heyrt neitt vegna veðurhams auk þess sem hann var með öryggishjálma með talstöð í gangi til að vera í sambandi við skipstjóra;
- að löndunarmaður, sem stjórnaði krananum, sagðist ekki hafa veitt slasaða athygli fyrr en eftir slysið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins eru fljótfærnisleg vinnubrögð við færslu skipsins.